

Sp.

632. Þingsályktun

[81. mál]

um heildarendurskoðun á skattalögum, tekjuskiptingu og verkaskiptingu ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga.

(Afgreitt frá Sp. 16. jan.)

Alþingi ályktar að beina þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar, að hún beiti sér fyrir heildarendurskoðun laga um skatta og útsvör, sem stefni að því, að lögfest verði heilsteypt kerfi skattamála, sem byggist á eðlilegri og samræmdri tekju- og verkaskiptingu ríkisins annars vegar og bæjar- og sveitarfélaga hins vegar. Sé jafnframt við það miðað að ofþyngja ekki einstaklingum, hjónum, félögum og atvinnurekstri í opinberum gjöldum, tryggt samræmi og jafnrétti við álagningu gjaldanna, sem mundi auðvelda eftirlit með því, að framtöl séu rétt. Lögð skal einnig áherzla á að gera skattalöggjöfina svo einfalda og auðvelda í framkvæmd sem frekast er unnt.

Rannsókn og undirbúningi málsins sé hraðað svo, að ríkisstjórnin leggi frv. til laga um málið fyrir næsta reglulegt Alþingi.